

Frumvarp til innheimtulaga.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson,
Bryndís Hlöðversdóttir, Ágúst Ólafur Ágústsson.

I. KAFLI Gildissvið o.fl.

1. gr. *Gildissvið.*

Lög þessi gilda um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi, þó ekki innheimtu opinberra aðila á sköttum og gjöldum, innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga og innheimtu umdeildra peningakrafna þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf.

Innheimtuaðili er einstaklingur eða lögaðili sem annast innheimtu.

2. gr. *Frávíkjanleg ákvæði.*

Heimilt er með samningi milli kröfuhafa og innheimtuaðila að víkja frá ákvæðum 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

II. KAFLI Skilyrði til að mega stunda innheimtu.

3. gr. *Skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra.*

Innheimtuaðilar mega því aðeins stunda innheimtu fyrir aðra:

- a. að þeir hafi fengið innheimtuleyfi skv. 15. gr., sbr. 4. gr.;
- b. að innheimtan sé stunduð frá fastri starfsstöð hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland; og
- c. að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé í gildi.

Lögmenn mega þó stunda innheimtu án innheimtuleyfis, svo og opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir.

4. gr. *Veiting innheimtuleyfis.*

Innheimtuleyfi er veitt á grundvelli umsóknar frá einstaklingi sem:

- a. er lögráða og hefur undanfarin fimm ár hvorki farið fram á eða verið í greiðslustöðvun né bú hans verið undir gjaldþrotaskiptum;
- b. hefur óflekkað mannrð svo sem áskilið er til kjörgengis við kosningar til Alþingis;
- c. hefur lögheimili hér á landi nema annað leiði af alþjóðasamningum sem binda Ísland;
- d. er ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta að fjárhæð 500.000 kr.

Innheimtuleyfi er einnig veitt samkvæmt umsókn frá lögaðila enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr.

Leyfi má ekki veita til lengri tíma en fimm ára í senn.

5. gr.

Innheimta eigin peningakröfu.

Ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni þarf innheimtuleyfi samkvæmt lögum þessum.

III. KAFLI

Samband innheimtuaðila og skuldara.

6. gr.

Góðir innheimtuhættir.

Innheimta skal vera í samræmi við góða innheimtuhætti. Ósanngjarnar kröfur um innheimtulaun teljast m.a. til slæmra innheimtuhátta. Það brýtur jafnframt gegn góðum innheimtuháttum að beita skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda óhæfilegum þrýstingi, ónáði á heimili, tjóni, óþægindum eða hótunum eða breiða út persónulegar upplýsingar um þá.

7. gr.

Innheimtuviðvörðun.

Eftir gjalddaga kröfu skal kröfuhafi eða innheimtuaðili senda skuldara eina skriflega viðvörðun þess efnis að vænta megi frekari innheimtuaðgerða verði krafa eigi greidd innan a.m.k. tíu daga frá sendingu viðvörðunar.

Í viðvörðun komi fram:

- a. nöfn, kennitölur og heimilisföng skuldara, kröfuhafa eða umboðsmanns hans og innheimtuaðila;
- b. lýsing á kröfu;
- c. fjárhæð kröfu og skal sundurliða hver sé höfuðstóll og hverjar séu viðbótarkröfur, svo sem dráttarvextir og innheimtuþóknun;
- d. frá hvaða degi dráttarvextir reiknast;
- e. greiðslustaður; og
- f. að greiðslufall skuldara geti leitt til málshöfðunar eða annarra innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga og aukins kostnaðar fyrir skuldara.

Þá telst krafa greidd ef greiðsla hefur borist banka, sparisjóði eða pósthólfstofu áður en fresturinn er liðinn eða greiðslan er sannanlega sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests.

Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá ákvæðum þessarar greinar um sendingu viðvörðunar.

Ef skuldari hefur sannanlega hreyft mótbárum gegn peningakröfu er heimilt að bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla án þess að fyrst sé gætt ákvæða þessarar greinar.

8. gr.

Umboð innheimtuaðila.

Greiðsla skuldara til innheimtuaðila eða samningur við innheimtuaðila um greiðslu hefur sama gildi fyrir skuldara og greitt hafi verið til kröfuhafa sjálfs eða samið við hann um greiðsluna. Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

IV. KAFLI

Samband innheimtuaðila og kröfuhafa.

9. gr.

Upplýsingaskylda innheimtuaðila.

Innheimtuaðili skal eftir beiðni veita kröfuhafa upplýsingar um gang innheimtu. Ljúki innheimtu samkvæmt lögum þessum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör er sýni hvað skuldari hafi verið krafinn um, hve mikið hann hafi greitt og hvenær og hver sé krafa innheimtuaðila um þóknun fyrir vinnu og útlagðan kostnað.

10. gr.

Meðferð innheimtufjár.

Innheimtuaðili skal án ástæðulauss dráttar greiða kröfuhafa innheimt fé. Innheimtuaðila er heimilt að halda eftir fé sem nemur fjárhæð þóknunar til hans og útlagðs kostnaðar.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu fyrir aðra, skal halda innheimtufénu aðskildu frá eigin fé. Skal féð án ástæðulauss dráttar lagt á vörslufjárreikning en opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu. Sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

V. KAFLI

Greiðsla innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans.

11. gr.

Ábyrgð skuldara á greiðslu innheimtukostnaðar.

Ef skuldari hefur greitt innan greiðslufrests skv. 7. gr. verður hann aðeins krafinn um kostnað vegna innheimtuviðvörunar, sbr. 12. gr. Hið sama á við ef brotið hefur verið gegn 7. gr. þannig að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum.

12. gr.

Hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar.

Viðskiptaráðherra skal í reglugerð ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja skuldara um samkvæmt lögum þessum. Skal fjárhæðin taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

13. gr.

Þagnarskylda.

Innheimtuaðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu um persónuhagi og rekstrar- eða viðskiptamál og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í innheimtustarfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

14. gr.

Starfsábyrgðartrygging.

Innheimtuaðili, sem stundar innheimtu á grundvelli leyfis skv. 4. gr., skal hafa starfsábyrgðartryggingu sem tryggir skuldara og kröfuhafa bætur ef þeir verða fyrir fjárhagstjóni

sem leyfishafinn ber skaðabótaábyrgð á og rakið verður til gáleysis í störfum hans eða starfsmanna hans. Slíka tryggingu má setja með því að kaupa váttryggingu hjá váttryggingafélagi eða setja bankaábyrgð hjá banka eða sparisjóði sem hefur heimild til að starfa hér á landi. Trygging skal nema minnst 5.500.000 kr. vegna hvers einstaks tjónsatburðar. Heildarfjárhæð tryggingabóta innan hvers váttryggingarárs eða ábyrgðarárs skal nema minnst 16.500.000 kr. Tryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs og skulu þær breytast 1. janúar ár hvert frá gildistöku laganna. Falli váttrygging eða bankaábyrgð úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag eða ábyrgðaraðili tilkynna það váttryggingar- eða ábyrgðartaka og viðkomandi eftirlitsaðila þegar í stað. Tryggingartíma telst ekki lokið fyrr en liðnar eru átta vikur frá því að váttryggingafélagið eða ábyrgðaraðilinn tilkynnti váttryggingar- eða ábyrgðartaka og eftirlitsaðila um tryggingarslit eða niðurfellingu ábyrgðar.

Ef leyfishafi hefur samhliða innheimtustarfsemi með höndum lögmannsstörf og hefur ábyrgðartryggingu telst hann hafa fullnægt tryggingarskyldu sinni samkvæmt lögum þessum.

15. gr.

Leyfi og eftirlit.

Viðskiptaráðherra fer með leyfisveitingu og leyfissviptingu samkvæmt lögum þessum.

Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að innheimtustarfsemi, sem lög þessi taka til, sé í samræmi við ákvæði laganna, reglur á grundvelli þeirra og eftir atvikum samþykktir hlutaðeigandi aðila. Skal eftirlitið hafa aðgang að öllum upplýsingum sem að þess mati eru nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Telji eftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilins leyfis skal það hafa sambærilegan aðgang að upplýsingum hjá viðkomandi aðilum.

Fjármálaeftirlitið getur gefið innheimtuaðilum fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum ef hættu er á því að þeir brjóti í bága við lög þessi. Áður en til fyrirmæla kemur getur eftirlitið lokið málinu með sátt. Hafi sátt komist á gildir hún sem fyrirmæli.

Fjármálaeftirlitið getur til bráðabirgða lagt bann við leyfisbundinni innheimtustarfsemi, ef skilyrðum 1. mgr. 3. gr. er ekki fullnægt, eða gefið innheimtuaðila frest til að fullnægja þeim. Verði eigi úr bætt skal eftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Fjármálaeftirlitið fer með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Gagnvart lögmonnum fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit samkvæmt lögum þessum og lögum um lögmennt.

16. gr.

Svipting innheimtuleyfis.

Svipta má leyfishafa innheimtuleyfi skv. 4. gr. ef:

- a. hann hefur brotið gegn skyldum sínum samkvæmt lögum þessum; eða
- b. skilyrði fyrir veitingu leyfis eru ekki lengur til staðar.

17. gr.

Refsingar.

Brot gegn 3., 7. og 13. gr. og 3.–4. mgr. 15. gr. laga þessara eða ákvæðum reglugerðar á grundvelli laganna varða sektum nema mælt sé fyrir um þyngri viðurlög í öðrum lögum. Brot gegn 7. gr. skal þó vera ítrekað eða stórfellt.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála.

18. gr.

Reglugerðarheimild.

Viðskiptaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

19. gr.

Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2004 og skal beita þeim um innheimtustarfsemi sem stunduð er eftir gildistöku laganna.

Við gildistöku laga þessara orðast 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, svo:

Dómsmálaráðherra skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óheimilt er lögmönnum að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi. Heimild ráðherra takmarkast af heimild viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar samkvæmt innheimtulögum.

Greinargerð.

Markmiðið með þessu frumvarpi er að settar verði ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. um góða innheimtuhætti. Þá er frumvarpinu ætlað að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara af innheimtuaðgerðum á frumstigi, þ.e. áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur. Slík löggjöf er vel þekkt hjá flestum nágrannaþjóðum okkar, m.a. á Norðurlöndum. Neytendasamtökin hér á landi hafa margoft farið fram á að sett yrðu lög um innheimtu. Með réttu telja þau að staða skuldara hér á landi sé afar veik og innheimtuaðilar geti hagað sér eins og þeir vilja við gjaldtöku af þeim sem lenda í fjárhagserfiðleikum og vanskilum.

Frumvarp sama efnis var lagt fram á 127. og 128. löggjafarþingi en var ekki afgreitt úr nefnd. Þá lagði viðskiptaráðherra fram sambærilegt frumvarp á 122. og 123. löggjafarþingi. Það náði ekki fram að ganga m.a. vegna ágreinings stjórnarflokkanna um málið. Þrátt fyrir mikilvægi þess að sett verði lög um innheimtu virðast stjórnarflokkarnir ekki hafa náð að leysa þann ágreining sem er þeirra á milli um málið. Það er skoðun flutningsmanna að málið sé brýnt og því verði að leggja það fyrir Alþingi á ný. Við framlagningu frumvarpsins á 128. löggjafarþingi var frumvarp viðskiptaráðherra frá 122. og 123. löggjafarþingi endurbætt, m.a. með tilliti til athugasemda og ábendinga frá ýmsum umsagnaraðilum sem höfðu borist við meðferð fyrrgreindra frumvarpa. Þá var m.a. sett inn í frumvarpið að innheimtuleyfi skyldi eigi veita til lengri tíma en fimm ára í senn og það gert að skilyrði að umsækjandi um slíkt leyfi væri ekki í vanskilum með opinber gjöld eða vörsluskatta. Ákvæði 6. gr. um góða innheimtuhætti var gert fyllra án þess þó að um tæmandi talningu væri að ræða. Einnig var skýrt nánar í ákvæði 7. gr. um innheimtuviaðvörðun hvenær krafa teldist greidd. Þá var viðskiptaráðherra gert að ákveða hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar í reglugerð en í frumvarpi viðskiptaráðherra var um heimild til ráðherra að ræða. Lagt var til í frumvarpinu, sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi, og einnig í þessu frumvarpi að lögum nr. 77/1998, um lögmenn, yrði breytt á þann veg að dómsmálaráðherra yrði gert skylt að gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim væri hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Sú skylda dómsmálaráðherra mun að sjálfsgöðu takmarkast við fyrrnefnda skyldu viðskiptaráðherra að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar á grundvelli frumvarpsins. Í þessu frumvarpi er gert ráð

fyrir að eftirlit með lögmönnum samkvæmt lögum verði í höndum Lögmannafélags Íslands. Í fyrri frumvörpum, sem lögð hafa verið fram, hefur eftirlitið verið falið úrskurðarnefnd lögmanna eða stjórn Lögmannafélags Íslands en það þykir samræmast betur lögum um lögmenn, sbr. orðalag 3. gr. laga nr. 77/1998, að fela eftirlitið Lögmannafélagi Íslands.

Eins og að framan greinir er frumvarpinu ætlað að taka til innheimtu á frumstigi enda er nauðsynlegt að hugað verði hið fyrsta að setningu meginreglna til að styrkja stöðu skuldara við innheimtu á grundvelli réttarfarslaga.

Í frumvarpi ráðherra á sínum tíma sagði m.a. í greinargerð: „Markmiðið með frumvarpinu er einkum að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur, m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti og innheimtuviaðvörðun, og draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða á frumstigi áður en til innheimtu á grundvelli réttarfarslaga kemur, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt er að krefja hann um. Með viðvörðun væri stefnt að því að skuldarar almennt ættu kost á að greiða skuld sína innan stutts frests með lágmarkskostnaði er grundvallaðist á ákvörðun í reglugerð áður en til innheimtuaðgerða yrði gripið. Lánardrottinn mundi væntanlega á þessu stigi innheimtu sjálfur senda skuldara viðvörðun. Hann gæti þó leitað aðstoðar lögmanns eða annars innheimtuaðila en bæri þá sjálfur ábyrgð á hugsanlegri greiðslu til hans umfram lágmarkskostnað.

Eins og áður segir er frumvarp þetta byggt á eldri frumvörpum ráðherra um sama efni þar sem að hluta var stuðst við norsk innheimtulög og til hliðsjónar höfð löggjöf annarra nágrannalanda um þetta efni.

Samkvæmt frumvarpinu munu innheimtulög skiptast í sex kafla. Ákvæði I. kafla fjalla um gildissvið o.fl. Þar kemur m.a. fram að lögin gildi með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga og að unnt sé með samningi að víkja frá sumum ákvæðum laganna. Í II. kafla er fjallað um skilyrði til að mega stunda innheimtu, m.a. innheimtuleyfi. Í III. kafla er að finna ákvæði um samband innheimtuaðila, m.a. kröfuhafa, og skuldara, um góða innheimtuhætti og innheimtuviaðvörðun, en í IV. kafla eru ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa, nánar tiltekið upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í V. kafla eru ákvæði um greiðslu innheimtukostnaðar og hámarksfjárhæð hans, m.a. þóknunar, sem ákveða skal í reglugerð ráðherra. Í VI. kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um starfsábyrgðartryggingu, eftirlit með framkvæmd laganna, leyfissviptingu, refsingar og almenna reglugerðarheimild.“

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um gildissvið laganna. Þau gilda með vissum undantekningum um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi.

Innheimta opinberra aðila á sköttum og gjöldum fellur ekki undir lögin. Þykir eigi þörf á slíku þar eð innheimta skatta og gjalda er lögbundin og enginn kostnaður, annar en lögbundinn vaxtakostnaður, fellur á gjaldendur nema um sé að ræða útlagðan kostnað. Innheimta slíkra krafna er þannig almennt mun kostnaðarminni en almenn kröfuinnheimta. Virðist því réttur greiðenda í þeim fjölmörgu málum, sem hér um ræðir, vera nægilega tryggður samkvæmt gildandi lögum og verklagsreglum.

Innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falla heldur ekki undir innheimtu samkvæmt frumvarpi þessu. Sem dæmi um kostnað, sem væri utan ramma fyrirhugaðra laga, væri kostnaður við útgáfu stefnu, fjárnámsbeiðni og annar kostnaður fyrir dómstólum og kostnaður við

birtingu greiðsluáskorunar með stoð í lögum um aðför eða nauðungarsölu. Ef lögmaður sendir innheimtubríf, án þess að innheimtuviðvörðun hafi áður verið send, teldist það ekki innheimtuaðgerð á grundvelli réttarfarslaga heldur yrði bréfið, sem væntanlega yrði kallað innheimtuviðvörðun eftir gildistöku innheimtulaga, að fullnægja skilyrðum sem gerð eru til viðvörðunar samkvæmt innheimtulögum. Slíkt kallar á litlar breytingar á efni innheimtubrifa. Eftir sem áður verður heimilt að fara beint í aðför eða nauðungaruppboð vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna, þar sem heimild er til slíks í lögum, án þess að viðvörðun samkvæmt lögum þessum sé gefin út. Nefna má að innheimta lögmanna og allra annarra aðila, svo sem banka, sparisjóða og Íbúðalánasjóðs, fellur undir ákvæði frumvarpsins nema innheimtuaðgerðir séu á grundvelli réttarfarslaga.

Innheimta umdeildra peningakrafna, þar sem þörf hefur verið á sérfræðilegri ráðgjöf, fellur heldur ekki undir fyrirhuguð lög. Hér getur t.d. verið um að ræða lögfræðilega aðstoð vegna umferðarslyss.

Í 2. mgr. kemur fram að innheimtuaðilar séu einstaklingar og lögaðilar sem annast innheimtu. Hugtakið innheimtuaðili tekur yfir kröfuhafa nema annað komi fram. Svo sem fram kemur í 1. mgr. getur innheimtan verið fyrir aðra eða vegna eigin starfsemi. Innheimta launþega á launakröfu sinni félli samkvæmt þessu ekki undir lögin, t.d. ákvæðin um sendingu innheimtuviðvörðunar.

Um 2. gr.

Samkvæmt 1. másl. þessarar greinar geta kröfuhafi og innheimtuaðili með samningi sínum milli vikið frá ákvæðum 9. gr. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og 1. mgr. 10. gr. um greiðslu innheimtufjár.

Önnur ákvæði laganna eru ófrávíkjanleg.

Um 3. gr.

Í greininni eru sett skilyrði til að mega stunda innheimtu fyrir aðra. Eru þar almennt gerðar kröfur um innheimtuleyfi og fasta starfsstöð hér á landi og auk þess þarf gilda starfsábyrgðartryggingu.

Samkvæmt 2. mgr. þessarar greinar þurfa vissir aðilar þó ekki innheimtuleyfi til að mega stunda innheimtu fyrir aðra, með öðrum orðum lögmenn, viðskiptabankar og sparisjóðir og opinberir aðilar, m.a. Íbúðalánasjóður. Þeir sem stunda innheimtu vegna eigin starfsemi þurfa almennt ekki innheimtuleyfi enda tekur 3. gr., sem mælir fyrir um innheimtuleyfi, aðeins til innheimtu fyrir aðra. Skv. 5. gr. mundi aðili þó þurfa innheimtuleyfi ef hann kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni.

Samkvæmt c-lið 1. mgr. þessarar greinar nægir ekki að starfsábyrgðartrygging skv. 14. gr. sé tekin heldur þarf innheimtuaðili jafnframt að sjá til þess að hún sé ætíð í gildi.

Um 4. gr.

Hér er í 1. mgr. greint frá þeim skilyrðum sem einstaklingur þarf að fullnægja til að geta öðlast innheimtuleyfi en þau eru almennt séð lögræði, óflekkað mannorð og lögheimili hér á landi. Þá er sett það skilyrði að ekki séu fyrir hendi vanskil á opinberum gjöldum og vörslusköttum en hliðstæð krafa og fjárhæð er í dönsku innheimtulöggjöfinni.

Tekið skal fram að í 5. gr. laga nr. 24/2000, um kosningar til Alþingis, segir svo um óflekkað mannorð:

„Enginn telst hafa óflekkað mannorð sem er sekur eftir dómi um verk sem er svívirðilegt að almenningsáliti nema hann hafi fengið uppreist æru sinnar.

Dómur fyrir refsivert brot hefur ekki flekkun mannorðs í för með sér nema sakborningur hafi verið fullra 18 ára að aldri er hann framdi brotið og refsing sé fjögurra mánaða fangelsi óskilorðsbundið hið minnsta eða öryggisgæsla sé dæmd.“

Lögaðilar sem slíkir geta skv. 2. mgr. fengið innheimtuleyfi enda fullnægi framkvæmdastjóri eða yfirmaður viðkomandi starfsemi og meiri hluti stjórnarmanna á hverjum tíma skilyrðum 1. mgr. um lögræði o.fl.

Þá má ekki veita innheimtuleyfi til lengri tíma en fimm ára í senn.

Um 5. gr.

Í greininni felst undantekning frá því að eigi þurfi innheimtuleyfi ef innheimta er stunduð vegna eigin starfsemi. Þykir rétt að gera kröfu til innheimtuleyfis ef aðili kaupir kröfur í þeim tilgangi að innheimta þær sjálfur í atvinnuskyni. Þetta gildir ekki um lögmennt, opinbera aðila, viðskiptabanka og sparisjóði sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr.

Um 6. gr.

Í greininni er kveðið á um góða innheimtuhætti.

Hér er um vísireglu að ræða svipað og sjá má t.d. í 20. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, um góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Krafa um góða innheimtuhætti gildir bæði um samskipti innheimtuaðila við skuldara og kröfuhafa þótt kaflaheitið gangi skemmra. Í framkvæmd skiptir reglan þó væntanlega mestu máli um samskipti innheimtuaðila og skuldara. Vernd ákvæðisins getur þá náð til fjölskyldu skuldara, atvinnurekanda hans og kunningja hans. Gæta verður góðra innheimtuhátta við sérhverja ráðstöfun eða athöfn sem er þáttur í innheimtunni.

Þrátt fyrir að í greininni sé beinlínis tekið fram að það brjóti í bága við góða innheimtuhætti að beita óhæfilegum þrýstingi, ónæði á heimili, tjóni eða óþægindum er eingöngu um að ræða nánari útfærslu á meginreglunni um góða innheimtuhætti án þess að tæmandi talningu tilvika sé um að ræða.

Um samband innheimtuaðila og kröfuhafa gildir sú meginregla að innheimtuaðila ber að fylgja fyrirmælum kröfuhafans. A innheimtuaðilanum hvílir samt sem áður sú sjálfstæða skylda að hlýðnast ekki fyrirmælum kröfuhafa ef þau fela í sér eitthvað sem stríðir gegn góðum innheimtuháttum samkvæmt lögnum eða reglugerð á grundvelli þeirra.

Innheimtuaðili ætti ekki að taka að sér innheimtu kröfu ef hann hefur fjárhagslegra hagsmuna að gæta sem gætu farið í bága við hagsmunum kröfuhafans.

Sé aftur vikið að skiptum innheimtuaðila og skuldara gildir sú regla að innheimtuaðili á ekki að gefa skuldara rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða réttarreglur sem eru mikilvægar fyrir afstöðu hans til kröfunnar.

Það getur brotið gegn góðum viðskiptaháttum ef beitt er hótunum um að veita öðrum upplýsingar um stöðu skuldara, svo sem maka, atvinnurekanda eða kunningjum. Öðruvísi stendur á þegar um er að ræða aðra sem tengdir eru málinu á einn eða annan hátt, t.d. samskuldara eða ábyrgðarmann.

Það getur talist brot á góðum innheimtuháttum að breiða út persónulegar upplýsingar um skuldara, fjölskyldu hans eða vinnuveitanda. Um skilgreiningu á hugtakinu persónulegar upplýsingar vísast til laga nr. 77/2000, um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

Það getur brotið gegn góðum innheimtuháttum að hóta að birta opinberlega upplýsingar um greiðsluhæfi skuldara í frekari mæli en heimilt er að lögum.

Endanlegt úrlausnarvald um það hvað teljist góðir innheimtuhættir er að sjálfsögðu í höndum dómstóla.

Um 7. gr.

Í greininni er fjallað um innheimtuviaðvörðun.

Samkvæmt 1. mgr. skal senda eina viðvörðun og gefa skuldara færi á að greiða kröfu innan ákveðins frests. Hugtakið skuldari er hér notað í víðri merkingu þannig að senda þarf viðvörðunina öllum þeim sem kröfuhafi eða innheimtuaðili hyggst beina innheimtuaðgerðum að, t.d. ábyrgðarmönnum. Í grein þessari er kveðið á um minnst tíu daga frest en kröfuhafi eða annar innheimtuaðili getur haft frestinn lengri. Þótt skylt sé að senda eina viðvörðun er heimilt að senda fleiri viðvaranir enda sé ekki með því brotið í bága við góða innheimtuhætti. Viðbótarviðvaranir geta verið kostnaðarsamari fyrir skuldara þar eð lágmarkskostnaður á grundvelli innheimtulaga miðast við greiðslu innan frests samkvæmt skylduviaðvörðun. Sé skylduviaðvörðun virt að vettugi og lögmanni síðan t.d. falin innheimta mundi innheimtubríf hans, hverju nafni sem nefnist, í því tilviki ekki falla undir hugsanleg reglugerðarákvæði um lágmarkskostnað vegna skylduviaðvörðunar.

Fresturinn telst frá sendingu viðvörðunar. Í þessu felst að skuldari ber hallann af seinkun í pósti og því að viðvörðunin komi ekki fram enda hafi hún verið send á nægilega tryggan hátt og á heimilisfang þar sem gild ástæða er til að ætla að unnt sé að ná til skuldara. Ef kröfuhafi eða innheimtuaðili hefur ekki ástæðu til að ætla að hafa megi upp á skuldara á öðru heimilisfangi verður almennt að teljast nægilegt að senda viðvörðunina á það heimilisfang sem skuldariinn gaf kröfuhafanum upp. Ef ekkert heimilisfang var gefið upp telst almennt fullnægjandi að senda hana á lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

EKKI er skylt að senda innheimtuviaðvörðun vegna viðskiptabréfakrafna eða annarra krafna þar sem farið er beint í aðför eða nauðungaruppboð á grundvelli heimildar í lögum, sbr. 1. mgr. 1. gr. þar sem segir að innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga falli ekki undir gildissvið laganna. Ef ekki er hins vegar farið beint í þessar aðgerðir með sendingu greiðsluáskorunar heldur sent innheimtubríf gilda almennar reglur laganna um viðvörðun, sbr. nánar það sem segir í athugasemdum við 1. gr.

Í 2. mgr. er tekið fram hvað skuli standa í innheimtuviaðvörðun. Eins og segir í athugasemdum við 1. gr. er það svipað og venja er í innheimtubréfum nú. Sú breyting er gerð frá fyrra frumvarpi að á eftir orðinu kröfuhafi er bætt við orðunum „eða umboðsmanns hans“. Er með þessu tekið sérstakt tillit til innheimtu á grundvelli handhafabréfa.

Í 3. mgr. segir að krafa teljist greidd ef greiðsla hefur borist áður en settur frestur er liðinn. Nægilegt er að greiðslan berist banka, sparisjóði eða póstgíróstofu eða sé sett í ábyrgðarpóst á síðasta degi frests enda sé slíkt sannað.

Í 4. og 5. mgr. er veitt heimild til að víkja frá ákvæðum greinarinnar um sendingu innheimtuviaðvörðunar í sérstökum tilvikum.

Samkvæmt 4. mgr. má víkja frá ákvæðunum ef hættu er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt. Nefna má hættu á að krafan fyrnist ef mál er ekki höfðað. Undir öllum kringumstæðum verður einungis vikið frá ákvæðunum að því marki sem nauðsynlegt er til að koma í veg fyrir hættu á að fullnustumöguleikum verði spillt. Ef unnt er að fylgja ákvæðunum án þess að hættan aukist er innheimtuaðila það skylt.

Í 5. mgr. er tekið á því ef skuldari hreyfir sannanlega mótbárum gegn peningakröfu. Þá er innheimtuaðila heimilt að hverfa frá venjulegum innheimtuaðferðum, sem ella er skylt að gæta, og bera ágreining um réttmæti kröfunnar undir dómstóla. Í slíkum tilvikum er það meginreglan að innheimtuaðili þarf ekki að taka afstöðu til þess hvort mótbáran sé studd efnislegum rökum eða aðeins tilraun skuldara til að draga að greiða kröfuna.

Til frekari skýringar er vísað til athugasemda við 1. gr. um að viðvörðun geti komið í stað innheimtubrifa, svo og tengsl viðvörðunar við innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarslaga, en almennt má ætla að viðvörðunin yrði undanfari slíkra aðgerða. Kjósi aðili að senda skuldara ítrekun yrði það að teljast heimilt enda sé ekki í undantekningartilvikum brotið með því í bága við regluna um góða innheimtuhætti.

Um 8. gr.

Í greininni er fjallað um umboð innheimtuaðila og felur hún m.a. í sér að uppgjör við innheimtuaðila er bæði hvað varðar stað og tíma jafngilt greiðslu til kröfuhafa sjálfs. Skuldari á að geta gert ráð fyrir að innheimtuaðili hafi umboð til að taka við greiðslu og semja um hana, jafnvel til að gefa alla kröfuna eftir eða hluta hennar eða veita greiðslufrest, svo að bindandi sé fyrir kröfuhafa. Gangi innheimtuaðili of langt kann hann að baka sér bótaskyldu gagnvart kröfuhafa. Gengið er út frá því, þótt það sé ekki tekið fram berum orðum, að innheimtuaðili hafi fengið umboð frá kröfuhafa til innheimtu.

Samningar um greiðslu skulu vera skriflegir.

Um 9. gr.

Greinin fjallar um upplýsingaskyldu innheimtuaðila gagnvart kröfuhafa enda fari sá síðarnefndi fram á upplýsingar um innheimtuna. Það er undir mati innheimtuaðila komið hvaða upplýsingar hann veitir kröfuhafa og hvenær. Sérstök ástæða getur verið til að vekja athygli kröfuhafa á mótbárum sem skuldari hefur haft uppi þótt ekki sé gert ráð fyrir afdráttarlausri reglu um það efni. Ljúki innheimtu samkvæmt innheimtulögum án eftirfarandi innheimtuaðgerða á grundvelli réttarfarslaga skal innheimtuaðili þó að beiðni kröfuhafa afhenda honum skriflegt uppgjör og er kveðið á um það hvað þar skuli greina. Í þessu felst t.d. að lögmaður, er lokið hefði innheimtu á grundvelli innheimtulaga en höfðaði síðan mál til innheimtu kröfunnar, þyrfti ekki að afhenda kröfuhafa slíkt skriflegt uppgjör sem kveðið er á um í greininni.

Grein þessi um upplýsingaskylduna er frávíkjanleg, sbr. 2. gr.

Um 10. gr.

Í 1. mgr. er kveðið á um skil innheimtuaðila á innheimtufé. Skv. 2. gr. er þessi málsgrein frávíkjanleg.

Í 2. mgr., sem er ekki frávíkjanleg, er kveðið á um skyldu innheimtuaðila, sem stunda innheimtu fyrir aðra, til að halda innheimtufé aðskildu frá eigin fé. Til að fullnægja þeirri kröfu þarf að leggja féð á vörslufjárreikninga þannig að það verði ekki dregið undir gjaldþrotaskipti innheimtuaðilans ef til þeirra kemur. Opinberir aðilar, viðskiptabankar og sparisjóðir, sem mega stunda innheimtu án innheimtuleyfis skv. 2. mgr. 3. gr., eru þó undanþegnir þessari skyldu og sérákvæði um vörslufjárreikninga lögmanna haldast.

Nefna má í þessu sambandi að í reglugerð nr. 201/1999, um fjárvörslureikninga lögmanna o.fl., segir í 1. gr. að lögmaður, sem tekur að sér að varðveita fjármuni fyrir umbjóðendum sína, skuli halda þeim skýrt aðgreindum frá eigin nafni og jafnframt sé honum skylt að veita stjórn Lögmannafélags Íslands upplýsingar um vörslufé, svo sem nánar sé kveðið á um í

reglugerðinni. Í 4. gr. segir að fjárhæð, sem samsvarar stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi lögmanns, skuli varðveitt á sérstökum bankareikningi/-reikningum í viðskiptabanka eða sparisjóði, fjárvörslureikningi. Fjárvörslureikning skal stofna á nafni lögmanns og hefur hann formlega ráðstöfunarheimild yfir reikningnum. Lögmaður er ekki eigandi innstæðu á reikningi samkvæmt greininni og er innstæðan ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum hans eða annarra. Reikningur þessi skal aðgreindur frá eigin fé lögmanns og stendur innstæða á honum utan skuldaraðar við skipti á búi lögmanns.

Gengið er út frá því að í almennri reglugerðarheimild ráðherra felist heimild til að setja reglur um fjárvörslureikninga.

Um 11. gr.

Í greininni er fjallað um ábyrgð skuldara á greiðslu kostnaðar vegna innheimtu samkvæmt hinum fyrirhuguðu innheimtulögum. Reglurnar fjalla annars vegar um þau tilvik, er skuldari hefur greitt innan greiðslufrests í viðvörun á grundvelli 7. gr., eða hins vegar er innheimtuaðilar, m.a. kröfuhafar, hafa brotið þannig gegn ákvæðum 7. gr. að viðvörunin þjóni ekki tilgangi sínum. Í þessum sérstöku tilvikum verður skuldari ekki krafinn um hærri kostnað en kveðið er á um í reglugerð viðskiptaráðherra skv. 12. gr.

Um 12. gr.

Í greininni er fjallað um skyldu viðskiptaráðherra til setningar reglugerðar þar sem kveða á um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar. Í 2. másl. er það skilyrði sett að hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar skuli taka mið af öllum þeim kostnaði sem kröfuhafi verður fyrir vegna innheimtunnar og nauðsynlegur getur talist.

Með því að setja ákvæði um hámark þóknunar má stuðla að því að kröfur á hendur skuldara, þar sem skuldari hefur ekkert val um innheimtuaðila, verði ekki strax sendar í óeðlilega dýra innheimtu á kostnað hans. Kjósi kröfuhafi að greiða umframþóknun getur hann það. Á hinn bóginn er ekki stefnt að því að skuldari komist hjá því að greiða útlagðan kostnað, sem almennt yrði án efa innan hóflegra marka, og jafnvel áætlaðan kostnað. Með kostnaði er með öðrum orðum átt við beinan og óbeinan kostnað sem leiðir af innheimtu samkvæmt innheimtulögum. Reglugerðin nærði ekki fremur en lögin til aðgerða á grundvelli réttarfarslaga, t.d. þóknunar lögmannna vegna aðfarar eða nauðungaruppbóðs eða opinberra gjalda í því sambandi.

Um 13. gr.

Í greininni er fjallað um þagnarskyldu innheimtuaðila, svo og starfsmanna hans í víðri merkingu.

Um 14. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um starfsábyrgðartryggingu innheimtuaðila.

Um 15. gr.

Gert er ráð fyrir því í 1. mgr. að viðskiptaráðherra veiti leyfi og svipti leyfishafa þeim.

Þá er í 2. mgr. gert ráð fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi almennt eftirlit með innheimtustarfsemi á grundvelli laganna.

Í 3. mgr. eru ákvæði um heimild Fjármálaeftirlitsins til að gefa innheimtuaðilum, m.a. kröfuhöfum, fyrirmæli um að breyta starfsháttum sínum og jafnframt um lok máls með sátt er gildi sem fyrirmæli.

Í 4. mgr. er heimild til að banna leyfisbundna innheimtustarfsemi til bráðabirgða. Verði eigi úr bætt skal Fjármálaeftirlitið gera tillögu til ráðherra um sviptingu leyfis.

Samkvæmt 6. mgr. fer Lögmannafélag Íslands með eftirlit með framkvæmd laga þessara gagnvart lögmönnum. Lögmannafélag Íslands mun hafa eftirlit með starfsemi lögmanna sem stunda innheimtu auk annarra starfa, m.a. eftirlit með gjaldtöku þeirra, vörslufjárreikningum og starfsábyrgðartryggingu. Hugsanlegt er að Fjármálaeftirlitið og Lögmannafélag Íslands hafi, ef þurfa þykir, með sér samráð og jafnvel samstarf um gerð verklagsreglna, sem tengjast einstökum þáttum eftirlits, til að tryggja sem mest samræmi varðandi framkvæmd laganna, einkum að því er varðar góða innheimtuhætti.

Um 16. gr.

Í greininni er kveðið á um sviptingu innheimtuleyfis, m.a. ef leyfishafi hefur ekki fullnægt skyldum sínum. Í því sambandi má m.a. benda á að leyfishafinn skal fullnægja skilyrðum 6. gr. um góða innheimtuhætti, 7. gr. um innheimtuviðvörðun og 3. mgr. 15. gr. um að fylgja fyrirmælum um að breyta starfsháttum. Gæta þarf stjórnsýslulaga við framkvæmd ákvæðanna.

Um 17. gr.

Í þessari grein eru ákvæði um refsingar. Ákvæðið um hlutdeild getur leitt til þess að starfsmönnum innheimtuaðila sé jafnvel refsað, svo og kröfuhafa eða öðrum sem geta verið hlutdeildarmenn í broti innheimtuaðila.

Um 18. gr.

Í greininni er gert ráð fyrir almennri reglugerðarheimild viðskiptaráðherra.

Um 19. gr.

Í greininni er gildistökuákvæði.

Lagt er til að við gildistöku laga þessara verði jafnframt gerð sú breyting á 3. mgr. 24. gr. laga nr. 77/1998, um lögmenn, að dómismálaráðherra skuli að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af innheimtu peningakröfu. Óbreytt lögmannalög skylda ekki dómismálaráðherra til setningar leiðbeininganna. Sú heimild sem hann nú hefur er víðtækari en skylda viðskiptaráðherra samkvæmt lögum þessum þar sem leiðbeiningar dómismálaráðherra eiga auk þess að ná til þess kostnaðar sem kann að leiða af innheimtuaðgerðum á grundvelli réttarfarslaga, svo fremi sem dómismál hefur ekki verið höfðað til heimtu kröfu og þykir því rétt að breyta heimild dómismálaráðherra í skyldu. Skylda dómismálaráðherra mun þó augljóslega nú takmarkast af skyldu viðskiptaráðherra til að setja reglugerð um hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar sem til fellur á frumstigi innheimtu samkvæmt lögum þessum.